

Höfundur: Edward Hughes

Myndskreytingar: Janie Forest

Aðlagað af: Ruth Klassen

Þýðandi: Þráinn Kristjánsson

Framleiðandi: Bible for Children
www.M1914.org

©2010 Bible for Children, Inc.
Skilmálar: Þér er heimilt að afrita eða prenta
þessa sögu, en ekki selja.





Jesús og
lærisveinar
hans voru
saman í báti
á Galíleuvatni
þegar allt í
einu skall á
mikið óveður
og öldurót á
vatninu.





Í svona
veðri mátti
búast við
skipbrotum
og
mannskaða.



Í ölduganginum fylltist báturinn
af vatni og lærisveinarnir
urðu
hræddir.



Á meðan stormurinn æddi yfir, svaf
Jesús hinn rólegasti á kodda.




Lærisveinarnir vöktu hann upp og
hrópuðu, "Meistari, meistari,
við
erum að
farast!"




"Því eruð þið hræddir? Og hvar er trú ykkar?" spurði Jesús. Síðan hastaði Jesús á vindinn ...og ...hann skipaði freyðandi öldunum að lægja.



Þá lægði vindinn, og gerði stilli logn.
Öldugangurinn rénaði og vatnið varð
slétt.



Lærisveinarnir, alveg undrandi,
sögðu, " Hvílíkur er þessi maður?
Meira að segja vindurinn og vatnið
hlýða honum."



Nokkru síðar átti Jesús annan
umfangsmikinn dag. Yfir
fimm þúsund manns komu
úr öllum áttum
til að hlýða
á hann.



Þar tók Jesús nokkur brauð, braut
þau, þakkaði Guði og mettaði
allan fjöldann. Þvílíkt
kraftaverk!
Að kvöldi
sendi hann
alla
heim.



Tafarlaust knúði Jesús lærisveina
sína til að fara í bátinn og halda
á undan honum



áleiðis yfir
Galíleuvatn.





Er hann hafði sent fólkið í burtu og farið var að kvöldu, fór Jesús einn síns liðs upp á fjall, til að biðjast fyrir í einrúmi.






Úti á vatninu
varð bátur
lærisveinanna
fyrir áföllum,
og tafðist
róðurinn
mikið
því vindurinn
var á móti
þeim.





Nú var eitthvað
furðulegt
um það bil að
ske sem
mundi
koma
þeim
algerlega
á óvart.





Einhvern tíma milli 3 og 6 um morguninn, sáu lærisveinarnir að einhver kom gangandi til þeirra á vatninu og æptu, ...





... yfir sig
hræddir,
"Þetta er
vofa!"





Þá sáu þeir
að þetta var
enginn annar
en sjálfur
meistari
þeirra, Jesús,
sem kom
gangandi til
þeirra á
vatninu.



"Verið
hughraustir!
það er ég."
Kallaði Jesús.
"Verið
óhræddir."



Pétur svaraði honum, "Ef það ert þú, Drottinn, þá segðu mér að koma til þín á vatninu." Jesús svaraði, "Komdu." Þá sté Pétur úr bátinum og gekk í áttina til Jesú.





En er hann
sá óveðrið
varð Pétur
hræddur
og tók að
sökva. Þá
kallaði hann,
"Drottinn,
bjargaðu
mér!"



Jesús rétti þegar út höndina, tók í hann og sagði, "Þú trúlitli maður, því efaðist þú?" Og þegar Pétur og Jesús stigu inní bátinn þá lægði vindinn.



En þeir sem í bátnum
voru féllu fram fyrir
honum og sögðu,
"Sannarlega ert þú
sonur Guðs."



Jesús stillir storminn

Sögu þessa úr heilagri ritningu, biblíunni,
er að finna í

Matteusi 8 og 14, Markúsi 4, Lúkasi 8

"Þegar orð þín ljúkast upp, ljóma þau."
Sálmarnir 119:130



Endir



Þessi biblíusaga er um okkar dýrlega Guð,
sem skapaði okkur, og sem vill að þú
þekkir hann.

Guð veit að við höfum öll gert rangt, sem
hann kallar synd. Hegning syndarinnar er
dauði, en Guð elskar þig svo mikið, að hann
sendi sinn eina son, Jesú, til að deyja á
krossi í hegningarskini fyrir syndir þínar.
Svo vaknaði Jesús aftur til lífs, og fór heim
til himnaríkis. Ef þú trúir á Jesú, og biður
hann að fyrirgefa þér syndir þínar, þá
fyrirgefur hann þér tafarlaust, og kemur til
að lifa í þér, og þú með honum til eilíðar.



Ef þú trúir þessu, segðu þá
eftirfarandi til Guðs:

Kæri Jesús, ég trúi að þú sért Guð, sem
komst í líki manns til að deyja fyrir syndir
mínar, og komst svo aftur til lífs. Ég bið þig
að koma nú inní líf mitt og fyrirgefa mér
syndir mínar, svo ég geti byrjað nýtt líf, og
komið svo til að vera með þér í himnaríki.
Hjálpaðu mér að hlýðnast þér, og lifa fyrir
þig sem barn Guðs. Amen

Lestu biblíuna og talaðu við Guð á
hverjum degi!

